

## Fréttatilkynning

Frá 1. febrúar hefur hádegismaturinn verið keyptur frá Sláturfélagi Suðurlands í staðinn fyrir Hrafnistu. Matseðilinn mun að mestu leyti vera svipaður og áður. Við matseðlagerðina er farið eftir leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar og allir matseðlar í hádegi eru næringaútreiknaðir. Í nánustu framtíð verða meiri möguleikar á vali fyrir íbúa hússins. Við bindum miklar vonir við þessar breytingar um leið og við þökkum eldhúsi Hrafnistu fyrir samvinnu síðastliðin 7 ár .



Guðný Jónsdóttir næringarrekstrarfræðingur, Anna Birna Jensdóttir og Herborg Hjelm frá SS

## Heilsueflingarmánuður í maí verður í áttunda sinn

Á hverju ári hafa starfsmenn Sóltúns hugað enn betur að heilsunni í maí mánuði. Undanfarin ár hefur verið mikil þátttaka í öllu því sem boðið hefur verið uppá og dagskrá fjölbreytt.

Í ár munum við hafa einkunnarorðin gleði og hamingja að leiðarljósi við skipulagningu heilsueflingarmánaðar.

Sóltún hefur á að skipa frábæru starfsfólki úr öllum áttum og þegar margir leggjast á eitt þá verður góð útkoma. Við munum fá marga gesti til okkar til að halda fyrirlestra um skemmtileg viðfangsefni sem tengjast gleðinni, vinnustofur verða um allt hús og síðan munum við leika okkur og gleðjast í sérstakri þemaviku með íbúunum, síðustu vikuna í maí, þá munum við taka á móti sumri með gróðursetningu og góðu grilli.

Heilsueflingarnefndin

## FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

03.04.2009

Í ÞESSU TÖLUBLAÐI

VORFAGNAÐUR ÍBÚA 1

PÁSKABINGÓ OG GREIÐSLU-ÞÁTTAKA 2009 2

BREYTINGAR Á SORPHIRÐU OG KOSTNINGAR 3  
BREYTING Á HÁDEGISMAT 4

# VORFAGNAÐUR



Vorfagnaður íbúa verður haldinn 16.apríl

„HATTAPEMA“

Komið verður saman kl. 18 í miðju hússins í móttöku þar sem verður boðið uppá gleði í glasi og gott í munni.



Kvöldverður borinn fram í borðstofum í hverju sambýli.

### Aðalréttur

St. lambafille, þúrtvínssósa, léttsteikt grænmeti á salatbeði og kartöflugratin

### Eftirréttur

Súkkulaðiterta með ávöxtum og þeyttum rjóma

Skemmtun í samkomusalnum kl 19:30



Ítalska tríóið

Samsöngur




Skráning stendur til kl. 12 þann 15.apríl

Verð fyrir aðstandendur er kr 2500

### VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Umhyggja
- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu



# PÁSKABINGÓ

Páskabingó verður spilað í samkomusalnum miðvikudaginn 8. apríl  
kl. 14:00

Íbúar Sóltúns eru hvattir til að koma og spila með.  
Skemmtilegir vinningar í boði.



## Dvalarkostnaður árið 2009 - Upplýsingar frá Tryggingastofnun

Dvalarkostnaður á hjúkrunarheimilum er greiddur með daggjöldum sem ákveðin eru af heilbrigðisráðuneytinu og félags- og tryggingaráðuneytinu hverju sinni. Daggjöldin sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins til hjúkrunarheimila eru mishá eftir stofnunum.

Pátttaka vistmanna í dvalarkostnaði er tekjutengd og því misjafnlega há eftir tekjum hvers vistmanns. Ef mánaðartekjur vistmanns eru að jafnaði 65.005 kr. eða meira eftir skatta (greiðslur frá Tryggingstofnun ekki meðtaldar) tekur hann þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem eru umfram það. Greiðslupátttaka vistmanna verður þó aldrei hærra en 262.313 kr. á mánuði. Greiðslupátttakan hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að vistunarmat tekur gildi.

### Greiðslutilhögun

Við flutning á hjúkrunarheimili falla lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar til vistmannsins niður frá fyrsta degi næsta mánaðar. Einstaklingar með engar eða lágur tekjur geta átt rétt á vasapeningum. Fullir vasapeningar eru 41.895 kr. á mánuði. Vasapeningar eru tekjutengdir, lækka því með hækkandi tekjum og falla niður ef tekjur eru yfir 64.454 kr. á mánuði.

Tryggingastofnun greiðir fullt daggjald til heimilisins. Ef vistmaður á að taka þátt í dvalarkostnaði innheimtir heimilið hans hlut og endurgreiðir til Tryggingastofnunar.



## Breyting á sorpbjónustu:

Hjúkrunarheimilið hefur gert nýjan samning við Íslenska gámafélagið um fjarlægingu sorps frá heimilinu. Tekur hann gildi 1. júní 2009.

Nýji samningurinn hefur í för með sér að það verður flokkun á sorpi.

Þetta nýja fyrirkomulag verður kynnt mjög vel í maí mánuði.

Kær kveðja fh.umhverfisnefndar  
Þórdís Hannesdóttir

Í aðdraganda alþingskosninga eigum við von á stjórnálflokkunum. Þeir munu kynna stefnu sína og svara spurningum. Heimsóknirnar verða auglýstar hverju sinni.

## KOSNING UTAN KJÖRFUNDA

Kosning utan kjörfundar fyrir Alþingiskosningar þann 25. apríl nk. fer fram hér á stofnuninni fimmtudaginn 16. apríl nk. kl. 10-12 og er ætluð vistmönnum/sjúklingum.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

Verð á leigu á samkomusalnum fyrir einkasamkvæmi íbúa er 6000.-.  
Verð fyrir aðstandendur í mat er 1000.- og greiðist í móttöku.  
Fyrir veislur Sóltúns er auglýst verð hverju sinni fyrir aðstandendur